

# Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn.

Framkvæmdastjóri: Gísli Sigurðsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Ragnar Snorri Magnússon. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Kristinn Hallgrímsson.

Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Atli Magnússon. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Baldur Kristjánsson, Friðrik Indriðason, Guðmundur Sv. Hermannsson, Heiður Helgadóttir, Jón Guðni Kristjánsson, Jón Ólafsson, Kristín Leifsdóttir, Samúel Örn Erlingsson (ípróttir), Skafti Jónsson. Útlitsteknunn: Gunnar Trausti Guðbjörnsson.

Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Arni Sæberg. Myndaöfn: Eygló Stefánsdóttir.

Prófarir: Kristín Þorbjarnardóttir, Flosi Kristjánsson, Guðný Jónsdóttir. Ritstjórn skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími 18300. Kvóldsímar: 86387 og 86306.

Verð í lausasölu 20.00, en 22.00 um helgar. Áskrift á mánuði kr. 250.00. Setning og umbrot: Tækniheilid Tímans. Prentun: Blaðaprent hf.

## Skattsvik

■ Ljött er ef satt er að margflóknar skattaálögur ríkisins séu notaðar sem féþúfa fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Löngum hefur það orð leikið á, að þjófar fari ránsendi um til dæmis söluskattinn, innheimti hann af viðskiptavinum sínum en stingi hluta af honum í eigin vasa og hafi afganginn af ríkissjóði. Þetta skeður á sama tíma og landsjóðurinn hangir á horriminni og hugmyndabankar eru settir á stofn til að ráða fram úr þeim greiðsluvandræðum sem öll þjóðin stendur frammi fyrir.

Hugmyndir eru uppi um að skera niður félagslega þjónustu, fresta þjóðhagslega hagkvæmum framkvæmdum og jafnvel að hækka skatta á þeim aðilum, sem aldrei geta skotist undan að greiða keisaranum það sem keisarans er, og einnig að taka upp enn nýja skatta til að stoppa upp í þau göt sem skattsvikararnir láta eftir sig.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra skýrði á hreinskilinn hátt í viðtali á Tímanum frá því að hann teldi hundruð milljóna sviknar undan söluskatti og sagði, að þegar veltan í þjóðfélaginu og söluskattsinnheimtan væru bornar saman sé ljóst að þarna séu maðkar í mysunni. Tölulegar upplýsingar um hve háar upphæðir er hér um að ræða liggja ekki fyrir en unnið sé að úttekt á því máli.

Ef unnt reynist að ná aftur ránsfengnum gæti það haft veruleg áhrif í þá átt að minnka fjárlagagatið margfræga.

Til að renna stöðum undir grunsemdir forsætisráðherra bárust þær fréttir um svipað leyti að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi borist ákæra um stórfellt söluskattsvindl, þar sem grunur leikur á að fyrirtæki hafi sviðið háar upphæðir af ríkissjóði, og varð enginn hissa. Hins vegar kom upp í máli þessu nýmæli. Tölvuforriti í bókhaldsdeild fyrirtækisins hafði verið hagrætt á þann veg að meint svik hafi verið skipulögð og framkvæmd með sjálfvirkum hætti. Enn vekur það nokkra athygli að bókhaldsfróður maður með þekkingu á tölvukúnnstun var búður inni og yfirheyrður og síðan sleppt, en sá hafði ekki annarra hagsmuna að gæta en að vera vitorðsmaður þeirra sem sagt er að stungið hafi hluta skattsins í eigin vasa. Það gæti verið athugandi fyrir yfirvöld, hvort menn með sérþekkingu á bókhaldi og völuarhúsi skattalaga og framkvæmd þeirra, skuli ekki gerðir ábyrgir að hluta fyrir misferli skjólstæðinga sinna.

Varla dettur nokkrum manni í hug að það mál sem hér er minnst á sé eitthvert einsdæmi. Söluskatturinn er einn stærsti tekjuliður ríkissjóðs og innheimta hans er í höndum fleiri þúsund fyrirtækja smárra sem stórra, og freistingarnar eru margar og mennirnir misjafnir. Ekki bætir úr skák að söluskattsbáknid verður sífellt erfiðara viðureignar með reglugerðarbreytingum og undanþágum, og eftirlit með ráðvendni innheimtuaðila er illmögulegt eins og í pottinn er búið.

Það er vafasamur sparnaður að skera framlög við nögl til skattaeftirlits því virkt eftirlit á þessu sviði margborgar sig fyrir ríkissjóð. Söluskattsgreiðendum er ekki treysting og verður að meðhöndla þá samkvæmt því. Hér ber víst að taka fram að mörg fyrirtæki skila sínum söluskatti samviskusamlega, en það er einfaldlega ekki nóg. Þau eiga að gera það öll með tölu.

Audvitad viðgangast skattsvik annars staðar en varðandi söluskatt og eru ýmis brögð höfð í frammii til að losna við að greiða lögbundin gjöld. En það er eins og fyrri daginn að það er hinn almenni launamaður sem auðveldast er að ná fjármunum frá, og er hann ekki látinn njóta þess í neinu nema því að ganga ótæpt í launaumslögin og jafnvel passað upp á að hluti af kaupum hans gangi beint til ríkis og sveitarfélaga. Honum er ekki einu sinni treyst til þess að handfjatra launin sín áður en báknid gleypir sitt.

En fyrirtæki valsa eftirlitlitið með skattþeninga og komast jafnvel upp með að hirða af sköttum sem þeim er gert að innheimta. Það er ekki nema von að fjárlagagötin gerist stór.

Líklega er það ekki í mannlegu valdi að einfalda skattalög, en hins vegar eru stjórnmalámennt og embættismenn flinkir við að þvæla þau enn betur, enda er og hefur lengi verið eitt upphaldsverkefni Alþingis að fjalla um breytingar á skattalögum. En það er líklega í lagi svo lengi sem ríkisskattstjóri skilur þau.

En væri það ekki þess virði að einfalda skattalög og gera þau virkari, eða að minnsta kosti að sýna viðleitni í þá átt?

-O.O.

## horft í strauminn



■ Kristinn Hallsson í hlutverki sínu í „Rakarannum í Sevilla,“

## Þrjár sýningar hjá Óperunni um helgina

■ Um helgina verða þrjár sýningar hjá Íslensku óperunni. **Rakarinn í Sevilla** eftir Rossini verður sýndur í kvöld kl.

20.00 og á laugardagskvöld á sama tíma. Á sunnudag kl. 15.00 verður svo sýning

á barna- og fjölskylduóperunni **Orkin hans Nóa** eftir Benjamin Britten.

**Rakarinn í Sevilla** er gamanópera í tveim þáttum og gerist á Spáni snemma á síðustu öld. Segir frá ungu greifa sem reynir að ná ástum yngismeyjarinnar Rósínu en á við vonbiðil að etja og beitr

því ýmsum brögðum í mörgum gervum. **Orkin hans Nóa** er svokallaður „undraleikur“, en þeim var ætlað að veita ólæsum almúga nokkra Biblíu- og trúaruppræðslu. Efnið er flestum kunnugt en annars er það að finna á Biblíunni, I. Mósebók, 6.-9. kapitula.

## Gallerí Langbrók

■ Á laugardaginn kl. 14.00 verður opnuð í Gallerí Langbrók kynning á nýjum skinnfatnaði eftir Evu Vilhelmsdóttur, skartgripir úr leir og postulíni eftir Kolbrúnu Björgólfsdóttur og keramik eftir Borghildi Óskarsdóttur. Kynningin er opin um helgina frá kl. 14.00-18.00 og á virkum dögum frá kl. 12.00-18.00.

## 50. og allra síðasta sýning á Skvaldri


■ Á sunnudagskvöld, 1. apríl, verður 50. og allra síðasta sýning á breska gamanleiknum Skvaldri, eftir Michael Frayn, í Þjóðleikhúsinu. Sýning þessi fékk í haust afar lofsamlega dóma allra gagnrýnenda og aðsóknin hefur verið mjög góð, en nú hafa 20.000 áhorfendur séð verkið.

Leikstjóri er Jill Brooke Árnason, leikmynd og búningar eftir Jón Þórisson, lýsing eftir Kristinn Daníelsson, en Árni Ibsen hefur þýtt leikritið. Níu leikarar á fullri ferð allan tímann.

## Tómasarkvöld á Litla sviði Þjóðleikhússins

■ Sunnudaginn 1. apríl frumsýnir Þjóðleikhúsið dagskrá sem heitir einfaldlega Tómasarkvöld. Dagskrá þessi er byggð á ljóðum og æviatriðum Tómasar Guðmundssonar og er þar bæði upplestur og söngur, en lög eftir Sigfús Halldórsson og Gylfa P. Gíslason verða flutt. Herdís Þorvaldsdóttir hefur umsjón með dagskránni, en auk hennar koma fram þau Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Edda Þórisdóttir, Guðrún P. Stephensen, Helgi Skúlason og Róbert Arnfinnsson; undirleikari á pianó er Bjarni Jónatansson. Þetta er ljúf skemmtun, eins og menn geta ímyndað sér þegar ljóð Tómasar eru annars vegar.

Gestir geta fengið léttu máltíð á undan dagskránni og veitingar verða á borð bornar meðan skemmtunin stendur. Aðgöngumiðaverð er kr. 325,- með máltíð, en kr. 150,- án máltíðarinnar. Dagskráin hefst stundvíslega kl. 20.30.



■ Myndlistarmennirnir að undirbúa opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum, en þetta er síðasta sýningarhelgin

## Sýning fjögurra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum – síðasta sýningarhelgi

■ Myndlistarmennirnir Ívar Valgarðsson, Rúna Þorkelsdóttir, Þór Vigfússon og Rúri hafa sl. tveir vikur verið með sýningu í báðum sýningarsölunum á Kjarvalsstöðum, bæði vestursalnum og Kjarvalssal.

Á sýningunni eru skulptúrar úr misnandi efni, umhverfisverk, teikning-

ar, málverk, þrykk og collage-verk. Þetta eru allt ný verk, sem sum hver hafa aldrei verið sýnd áður. Öll verkin eru nú sýnd í fyrsta sinn á Íslandi.

Listamennirnir hafa allir stundað nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og akademíum erlendis.

Þetta er síðasta sýningarhelgi. Opnið er frá 14-22.